

Endurmenntun fagdeildar Sáttar

I. Markmið með vottun á vegum Sáttar

Með því að öðlast vottun Sáttar sem sáttamiðlari er tryggt að þeir sáttamiðlarar sem vottunina bera búi yfir nægri faglegri þekkingu og reynslu til að geta annast faglega sáttamiðlun og þekki og starfi eftir siðareglum Sáttar. Með því að gera kröfur um endur- og símenntun vottaðra sáttamiðlara er jafnframt tryggt að þeir viðhaldi faglegri þekkingu sinni og fylgist með og tileinki sér þá þróun sem á sér stað í faginu.

II. Skilyrði vottunar

Aðili sem sækir um að vera skráður vottaður sáttamiðlari af Sátt skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Hafa lokið námi í sáttamiðlun sem nemur 5 ECTS einingum.
2. Félagar í fagdeild Sáttar skulu hafa lokið háskólaprófi.

III. Gildistími vottunar

Hver vottun skal gilda í 3 ár frá útgáfudegi. Á þeim tíma gefst vottuðum sáttamiðlara færi á að safna punktum í samræmi við IV. gr. með það að markmiði að viðhalda vottun.

IV. Viðhald vottunar

Sáttamiðlari sem sækist eftir því að endurnýja vottun hjá Sátt skal skila 15 reynslu- og þekkingarpunktum samanber neðangreint punktakerfi á þriggja ára vottunartímabili. Umfrámpunktur færast ekki milli vottunartímabila.

Reynsla

| | |
|---|-----------|
| Undirritaður samningur um sáttamiðlun, eða önnur viðurkennd staðfesting á málafjölda í sáttamiðlun. | 5 punktar |
| Þátttaka í sáttamiðlunaræfingu á vegum Sáttar – hlutverk sáttamiðlara. | 3 punktar |
| Þátttaka í sáttamiðlunaræfingu á vegum Sáttar – hlutverk leikara. | 1 punktur |

Framlag í þágu uppbyggingar sáttamiðlunar á Íslandi

| | |
|--|-----------|
| Erindi og fyrirlestrar á sviði sáttamiðlunar. | 2 punktar |
| Birting greina eða þátttaka í umfjöllun á sviði sáttamiðlunar á opinberum vettvangi. | 2 punktar |
| Birting á ritýnni grein í fagtímariti. | 5 punktar |

Námskeið og viðburðir á vegum Sáttar

| | |
|---|-------------|
| Viðburðir á vegum Sáttar. | 1-2 punktar |
| Fræðsluerindi á vegum Sáttar. | 2-3 punktar |
| Árleg ráðstefna á vegum Sáttar. | 4 punktar |
| Rafræn próf í viðfangsefni sáttamiðlunar | 1-4 punktar |
| Sáttamiðlaraskólinn eða sambærileg námskeið. | 15 punktar |
| Aðrir viðburðir utan félagsins, svo sem frá erlendum félögum um sáttamiðlun eða viðburðir sem stjórn metur sambærilega. | 2-4 punktar |